

Fimleikaþing 16. maí 2024

Þingskjal nr. \_\_\_\_\_

**Tillaga frá stjórn FSÍ um að nota viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa að leiðarljósi**

Fimleikaþing, haldið 16. maí 2024, tekur til umfjöllunar að viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa sé leiðarljós í starfi Fimleikasambandsins sem við kemur þeim málum sem eru sett fram í viðbragðsáætlun og verkfærakistu samskiptaráðgjafa.

**Greinargerð:**

Starfssvið samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs nær til allrar skipulagðrar starfsemi íþrótta og æskulýðssamtaka sem starfa á grundvelli æskulýðslaga og aðila sem gera samning við mennta- og barnamálaráðuneytið.

Viðbragðsáætlunin er unnin í samráði við Bandalag íslenskra skáta, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótta- og ólympíusamband Íslands, KFUM og KFUK, Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsvettvanginn.

Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeint starfsfólki, sjálfboðaliðum og tengdum aðilum til að bregðast við á samræmdan og réttan hátt ef til þess kemur enda er best fyrir alla aðila máls ef viðbrögð eru samræmd.

Er því lagt til að Fimleikasambandið vinni með viðbragðsáætlunina að leiðarljósi í sínu starfi þegar mál sem að hún nær yfir koma upp.

Sent til:

Laganefndar     Allsherjarnefndar     Fjárhagsnefndar     \_\_\_\_\_nefndar